

Fimmtudaginn 21. febrúar 1974.

Nr. 36/1974: **Valdstjórnin**

gegn

Jóhanni Jóhannssyni.

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 10. febrúar 1974, sem barst Hæstarétti 13. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 73/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 9. febrúar 1974.

Ár 1974, laugardaginn 9. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að hinn 4. janúar s.l. var kært til rannsóknar-lögreglunnar vegna þjófnaðar á tveim veskjum á Landakotsspítala.

Eigendur veskjanna reyndust vera lækarnir Halldór Steinsen og Ólafur Gunnlaugsson.

Úr veski Ólafs höfðu verið teknar kr. 400.00 í peningum, en úr veski Halldórs ca. kr. 3.000.00 auk tékkheftis á Búnaðarbanka Íslands.

Þá hefur Snorri Ólafsson, læknir á Landspítalanum, saknað tékkheftis á Búnaðarbanka Íslands.

Fjölmargar falsaðar ávísanir hafa komið fram úr heftum þessum undanfarið, og í gærkveldi var Jóhann Jóhannsson, Sjafnargötu 8 hér í borg, handtekinn og viðurkenndi að vera valdur að þjófna-

uðum þessum og að hafa falsað ávísanir þær, sem þegar eru komnar fram, ásamt ýmsum fleiri, sem ekki eru komnar fram.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og þykir því nauðsynlegt með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 73/1973 að úrskurða ákærða í gæsluvarðhald, á meðan rannsókn er ekki lokið, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ákvörðun þessari ekki til fyrirstöðu, þar sem brot kærða gæti varðað hann fangelsisrefsingu eftir 155. gr. alm. hegningarlaga 19/1940.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhann Jóhannsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Mánudaginn 25. febrúar 1974.

Nr. 44/1972: Félag löggiltra rafverktaka í Reykjavík

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Páli J. Pálssyni

(Gylfi Thorlacius hdl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Félagsréttindi. Brottvikning úr félagi dæmd ógild.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 22. mars 1972. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.